

Kæru foreldrar/forráðamenn

Á þessari önn tekur þelamerkurskóli þátt í grunnskólaverkefni UNICEF á Íslandi, sem nefnist UNICEF-hreyfingin.

UNICEF-hreyfingin er fræðslu- og fjáröflunarverkefni þar sem íslenskum börnum gefst tækifæri á að fræðast um aðstæður jafnaldra sinna víða um heim og, með hollri hreyfingu og í þökk foreldra sinna, safna fé fyrir starf UNICEF í þágu barna í fátækari ríkjum heims. Að fenginni fræðslu um líf barna í löndum þar sem UNICEF starfar, safna nemendur áheitum úr sínu nánasta umhverfi. Heitið er á frammistöðu þátttakenda á íþróttadegi sem skólinn heldur og helgaður er verkefninu. Það þýðir að styrktaraðilar heita upphæð að eigin vali á hverja vegalengd sem skólinn ákveður að börnin eigi að reyna sig við, eins oft og þau vilja/geta.



Markmið verkefnisins er að fræða íslensk börn um þróunarsamvinnu og líf jafnaldra sinna í fátækari löndum og á sama tíma efla skilning þeirra á samhyggð og gildi þess að láta sitt af mörkum til mannúðarstarfa. Á þann hátt er hægt að koma í veg fyrir að börnin okkar þrói með sér skeitingarleysi gagnvart aðstæðum fólks í löndum sem búa við skertari hlut.

Svona er farið að: Þátttakendur í UNICEF-hreyfingunni ganga, hlaupa, hoppa o.s.frv. ákveðna vegalengd eins oft og þeir geta á íþróttadeginum. Vegalengdin sem skólinn hefur valið er _____ löng og þátttakendur fá _____ mínútur til að reyna sig við hana eins oft og þeir vilja.

Fyrir hverja vegalengd sem þátttakendur leggja að baki fá þeir einn límmiða í apakverið sitt. Styrktaraðili heitir upphæð að eigin vali á hverja vegalengd/límmiða sem þátttakandinn fær skráða í apakverið. Styrktaraðilar þurfa að gera eftirfarandi:

- 1) Fyrir UNICEF-hreyfinguna fyllir þú út nafn og áheitaupphæð á hverja vegalengd í rétta reiti á áheitaumslaginu sem nemandinn kemur með heim u.þ.b. viku fyrir viðburðinn.
- 2) Eftir UNICEF-hreyfinguna sýnir þátttakandinn þér apakverið sitt, sem inniheldur einn límmiða fyrir hverja kláraða vegalengd. Styrkupphæðin er reiknuð út frá áheitum á hverja vegalengd og fjölda límmiða í apakverinu: Ef þú hefur t.d. heitið 40 kr. á vegalengd og þátttakandinn hefur hlaupið 8 vegalengdir verður heildarupphæðin $40 \times 8 = 320$ kr. Bæði er hægt að láta upphæðina í áheitaumslagið sem þátttakandinn skilar aftur til skólans eða borga beint inn á styrktarreikning UNICEF á Íslandi: 701-26-102010, kt: 481203-2950. Mikilvægt er að skrifa nafn skólans sem skýringu með greiðslunni svo hægt sé að reikna út heildarframlag skólans!

ATH! Öllum nemendum skólans er að sjálfsögðu frjálst að taka þátt í UNICEF-hreyfingunni. Ekki er nauðsynlegt að finna sér styrktaraðila til að fá að taka þátt. Mikilvægast er að börnin fræðist um jafnaldra sína í þróunarlöndunum, stundi hreyfingu og hafi gaman af. Með þátttökunni einni saman er verið að styrkja börn um allan heim, því góður hugur og samkennd er mikil gjöf!

UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, vinnur hjálparstarf í þágu barna um allan heim. UNICEF útvegar flestar bólusetningar til barna í fátækari þróunarlöndunum, styður heilsugæslu- og næringarverkefni fyrir börn, veitir börnum menntun og vernd gegn ofbeldi, misnotkun og HIV/alnæmi. UNICEF treystir eingöngu á frjáls framlög. Söfnunarfé UNICEF-hreyfingarinnar mun renna til einhvers af þeim 190 löndum og landsvæðum sem UNICEF starfar í eftir því hvar þörfin er mest hverju sinni.